



## 777. fundur

Árið 2022, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 16. mars, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær

Mætt eru: Laufey Erlendsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ingþór Guðmundsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

### Dagskrá:

1. *Vorfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum*

Stjórn S.S.S. samþykkir að halda vorfund sinn föstudaginn 29.apríl, kl. 14:00 en fundurinn verður unninn í samstarfi við Kólku ehf. þar sem fundarefnið verður breytingar á úrgangsméðhöndlun.

Stjórn S.S.S. býður öllum frambjóðendum til sveitarstjórna á Suðurnesjum á fundinn. Framkvæmdastjóra S.S.S. falið að vinna verkefni áfram á milli funda.

Auk þess er lagt til að aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja verði haldinn daganna 16.-17. september 2022.

2. *Bréf dags. 17.02.2022 frá Reykjavíkurborg, v. uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.*

Stjórn S.S.S. fagnar erindinu og finnst mikilvægt að byggja upp hjólreiðastíg á milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.

Jafnframt tilnefnir stjórn S.S.S. Ingþór Guðmundsson sem sinn fulltrúa í vinnuhóp vegna uppbyggingar hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

3. *Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál nr. 78, dags. 07.02.2022.* Lagt fram.



4. Fundargerð þekkingarseturs Suðurnesja nr. 40, dags. 02.12.2021  
Lagt fram.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:35*

\_\_\_\_\_  
*Laufey Erlendsdóttir*

\_\_\_\_\_  
*Kolbrún Jóna Pétursdóttir*

\_\_\_\_\_  
*Hjálmar Hallgrímsson*

\_\_\_\_\_  
*Ingbór Guðmundsson*

\_\_\_\_\_  
*Berglind Kristinsdóttir*